



Stefna fiskeldisdeildar

2023-2028

Selfoss 13. janúar 2023



Efnisyfirlit

1. Umfang og starfssemi.....	2
2. Stöðumat og helstu áskoranir	2
3. Framtíðarsýn og meginmarkmið	2
4. Undirmarkmið	3
5. Áætlun um verkefni til að ná undirmarkmiðum	3
6. Áætlun fiskeldisdeildar	5

1. Umfang og starfsemi

Stefna þessi fjallar um starfsemi og mótun fiskeldisdeildar Matvælastofnunar til ábyrgs fiskeldis. Þegar Matvælastofnun tók við málaflokknum frá Fiskistofu í upphafi árs 2015 var umfang fiskeldis á Íslandi rúm 8.000 tonn samtals í sjókvía- og landeldi. Heildarumfang fiskeldis árið 2022 er rúm 50.000 tonn í sjókvía- og landeldi. Heildarútflytningsverðmæti laxeldis árið 2021 voru tæpir 30 milljarðar. Samkvæmt áætlunum McKinsey verður umfang sjókvía- og landeldis 150.000 tonn árið 2030 og heildarútflytningsverðmæti laxeldis á ársgrundvelli rúmlega 200 milljarðar.

Fyrirliggjandi verkefni fiskeldisdeildar eru mörg og forgangsriðun því mikilvæg og mun stefna þessi leggja línurnar til næstu fimm ára. Í lok hvers árs verður lögð fram verkefnaáætlun þar sem verkefnum næsta árs verða gerð skil.

2. Stöðumat og helstu áskoranir

Helstu áskoranir fiskeldisdeildar er vöntun á fleira starfsfólki með þekkingu á málefnum fiskeldis. Árið 2018 gerði Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið úttekt á mannaflspörf Matvælastofnunar í fiskeldi og var niðurstaðan sú að það ættu að vera 9 starfsmenn að sinna fiskeldi, og þar af 3 dýralæknar. Í dag eru 5,3 stöðugildi og þar af 2 sérgreinadýralæknar fisksjúkdóma en ekki er gert ráð fyrir nema einu slíku stöðugildi. Ennfremur þarfnast lagaumhverfi fiskeldis endurskoðunar en aðkoma starfsfólks fiskeldisdeildar er töluverð í þeim málum sem ráðgjafar Matvælaráðuneytisins.

Til þess að fiskeldisdeildin geti stuðlað að ábyrgu fiskeldi þarf hún viðeigandi búnað til að sinna eftirliti og betri upplýsingatækni til þess að hafa góða yfirsýn yfir stöðu fiskeldisstöðva í landinu. Þróa þarf stafrænar lausnir til þess að einfalda alla ferla m.a. í leyfisveitingum og til að halda utan um sjúkdómastöðu.

3. Framtíðarsýn og meginmarkmið

Markmið fiskeldisdeildar er að stuðla að ábyrgu fiskeldi og standa vörð um heilbrigði og velferð lagardýra. Traust, gagnsæ og fagleg umgjörð er lykilatriði til að greinin fái að vaxa og dafna í sátt við umhverfið og samfélagið.

Framtíðarsýn fiskeldisdeildar er að eftirlit og stjórnsýsla fiskeldis á Íslandi verði í fremstu röð og fyrirmynd annarra ríkja þar sem starfrækt er sambærileg starfsemi.

4. Markmið

1. Góð yfirsýn

- Ná heildarmynd á málaflokkinn með betri skilgreiningu verkferla og stafrænu utanumhaldi. Tilgangurinn er að fiskeldisdeild hafi heildræna yfirsýn yfir stöðu fiskeldis varðandi velferð, heilbrigði og rekstur.

2. Aukin skilvirkni

- Hnitmiðað eftirlit, aukin notkun rafrænna gagna og hámarksnotkun upplýsingatækni. Tilgangurinn er að hámarka afköst við almenna stjórnslu, útgáfu leyfa og vottorða.

3. Bætt eftirlit

- Sambætt, hnitmiðað, áhættumetið og skilvirkt. Tilgangurinn er að sambætt eftirlit starfsmanna með velferð, heilbrigði, rekstri og búnaði og um leið hámarka afköst.

5. Verkefnaáætlun markmiða

Hvert verkefni verður sett upp í verkefnastjórnunarkerfi og því úthlutað ábyrgðaraðila þegar yfirstjórn Matvælastofnunar hefur samþykkt stefnuna. Vörður verða reistar og þær tímasettar og árangur þar með mælanlegur.

Nr. markmiðs	Markmið	Verkefni	Staða 2022	Verkefni sem hefjast 2023	Áform 2024-2028
1	Yfirsýn	Mat og viðbrögð á framleiðsluskýrslum í sjókvíaeldi	Vantar verklagsreglur	Skilgreina viðmið og rauð flögg. Skoða tíðni upplýsingagjafar	Framleiðsluskýrslur berast vikulega
1	Yfirsýn	Leyfisveitingar	Tímabreytt utanumhald	Samtal við UT-deild	Auka sjálfvirkni með stafrænu utanumhaldi
1	Yfirsýn	Allir sjúkdómar í fiskeldi	Yfirsýn í möppum/pappír	Samtal við UT-deild	Auka sjálfvirkni með stafrænu utanumhaldi
1	Yfirsýn	Yfirlit yfir strok/tjón á búnaði	Ekki til stafræn yfirsýn um strok	Upplýsingar um strok/tjón á búnaði birtist á kortasjá	
1	Yfirsýn	Skilgreina eftirlitspörf, eftirlitstíðni og eftirlitsheimildir	Að hluta til skilgreind	Skoða heimildirnar	Endurskoða skoðunarhandbók og búa til skoðunarhandbók dýraheilsu
1	Yfirsýn	Koma umferðaljosakerfi inn í lög um fiskeldi.	Ekkert kerfi til	Afla upplýsinga	Tillaga send til ráðuneytis
1	Yfirsýn	Kalla eftir framleiðsluáætlun til 2 ára	Kallað eftir útsetningaáætlunum í nóvember ár hvert	Kalla eftir framleiðsluáætlun um til 2 ára	

1	Yfirsýn	Umgjörð sjálfstætt starfandi dýralækna í þjónustu við fiskeldi	Fáir verkferlar til staðar	Setja viðmið um upplýsingagjöf	Auka sjálfvirkni með stafrænu utanumhaldi
1	Yfirsýn	Framleiðsluskýrslur í landeldi	Erum að móttaka gögn	Samtal við UT-deild	Meta þörfina á upplýsingum og skilgreina úrvinnslu og upplýsingagjöf
2	Skilvirkni	Mannauður	Vantar mannauð miðað við umfang verkefna	Ráða 1 starfsmann	Vera a.m.k. 8 starfsmenn í fiskeldisdeild
2	Skilvirkni	Búnaður	Ekki nægur eftirlitsbúnaður	2 neðansjávardrónar	Flygildi, GPS, mælitæki,
2	Skilvirkni	Stafrænar undirskriftir	Ekki til staðar	Samtal við UT-deild	
2	Skilvirkni	Aukin færni og þekking starfsfólks fiskeldisdeildar	Vitum hvar þekkinguna er að sækja	Afla upplýsinga um færeyskar eftirlitsaðferðir og regluverk	
3	Eftirlit	Stafrænt utanumhald með niðurstöðum sýna	Niðurstöður sýna berast í tölvupósti	Samtal við UT-deild	Niðurstöður sýna berist á stafrænan máta
3	Eftirlit	Eldisfyrirtæki hafi þjónustudýralækni	Hluti fiskeldisstöðva eru með sjálfstætt starfandi dýralækna.	Skilgreina hæfni fiskisjúkdómafræðinga. Senda út bréf með tilkynningu og vísan í reglugerð 2016/429/EB	Öll fiskeldisfyrirtæki komin með þjónustu dýralækna
3	Eftirlit	Efla þekkingu eftirlitsdýralækna MAST á fiskeldi	Efla enn betur þekkingu innan MAST á fiskiheilsu til viðbótar við dýralækni fisksjúkdóma	Fá fjármagn til þess að mennta eftirlitsdýralækna MAST og þjálfna í fiskeldi	Eftirlitsdýralækna komnir með grunnþekkingu á fiskeldi og geta farið í eftirlit í fiskeldisstöðvar
3	Eftirlit	Eftirlit með þjónustufyrirtækjum (brunnbátar, kafarar, þrif á kvíum, nótaþvottastöðvar)	Á ábyrgð rekstraraðila	Móta tillögu að endurskoðun á reglum um eftirlit með þjónustuaðilum	Tillögur sendar
3	Eftirlit	Eftirlit með framleiðsluáætlunum	Upplýsingar með umhverfismati, þar sem það á við	Skilgreina verkferla við eftirlit	Virkt eftirlit
3	Eftirlit	Vottorð um sjógönguhæfni seiða	Heilbrigðisvottorð	Innleiða dýralæknavottorð um sjógönguhæfni seiða	
3	Eftirlit	Eftirlit með seiðaútsetningum	Útsetningaráætlun	Skilgreina eftirlit á mismunandi stigum seiðaflutninga	Virkt eftirlit
3	Eftirlit	Eftirlit með slátrun fiska og fráveitu	Takmarkað eftirlit	Skilgreina þörf á eftirliti	Virkt eftirlit

3	Eftirlit	Skilgreina áherslupunkta í árlegu eftirliti	Skoðunarhandbók	Skilgreina áherslur ársins	Gera langtímaáætlun um áherslur í eftirliti
3	Eftirlit	Skilgreina eftirlit með neðansjávardróna og tilganginn með eftirlitinu	Engir neðansjávardrónar til staðar	Búa til verklag um skoðun með neðansjávardrónu m. þjálfun starfsfólks.	Virkt eftirlit
3	Eftirlit	Óboðað eftirlit í sjókvíaeldisstöð	Ekki farið í óboðað eftirlit í dag	Hefja óboðað eftirlit	Virkt eftirlit

6. Áætlun fiskeldisdeildar

Ár hvert verður áætlun fiskeldisdeildar uppfærð og er megintilgangur hennar að fylgja stefnunni eftir og uppfylla markmið hennar. Fiskeldisdeild mun hittast síðustu viku apríl og síðasta dag fyrir starfsdag ár hvert, og fara yfir framvindu verkefna og endurskoða stefnu fiskeldisdeildar. Stefnan og breytingar á henni skal kynnt yfirstjórn, samþykkt af henni og birt á heimasíðu Matvælastofnunar að lokinni samþykkt.